

Hagur veiða og vinnslu 2024

Profitability in fishing and fish processing 2024

Samantekt

Hagnaður fyrirtækja í fiskveiðum og vinnslu fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns, EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs minnkaði á milli áranna 2023 og 2024. Frá árinu 2023 lækkaði hlutfallið (án milliviðskipta) úr 36,5% í 29,7%, það lækkaði í fiskveiðum úr 24,9% árið 2023 í 18,5% af tekjum árið 2024 og hækkaði í fiskvinnslu úr 18,3% í 19,2%.

Hreinn hagnaður (EBT) þessara fyrirtækja, samkvæmt árgreiðsluaðferð minnkaði á milli ára, nam 16% árið 2024 samanborið við 25% árið 2023. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn tæpum 46 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð tæpum 40 milljörðum króna. Sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð nam hagnaðurinn tæpum 47 milljörðum króna eða 16,2% af tekjum árið 2024 borið saman við 23,2% árið áður.

Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit um rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraraðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Niðurstöður Hagstofunnar eru færðar til heildarstærðar miðað við upplýsingar frá Fiskistofu um tekjur af fiskveiðum niður á hvert skip og útflutningsverðmæti sjávarafurða.

Til viðbótar við niðurstöður reikninga skv. skattaframtölum er einnig birtur hagnaður skv. árgreiðsluaðferð þar sem búið er að leiðrétta fyrir verðlagsbreytingum og gengisáhrifum.

Í árgreiðsluaðferðinni í fiskvinnslu er heildarverðmæti fastafjármuna (óafskrifað) fundið út frá gjaldfærðum afskriftum skv. skattalögum. Stofn árgreiðslunnar er fundinn m.v. afskriftarhlutföll skv. skattalögum sem eru 4% af fasteignum, 12% af vélum og tækjum og 15% af flutningatækjum. Samvegið gerir það endingartíma fjármunanna 10-12 ár.

Í útgerð er þessu á annan veg farið. Þar er árgreiðslan reiknuð út frá váttryggingaverðmæti skipa, en það er afskrifað verð. Endingartími við útreikning árgreiðslu er því hafður skemmri en ef reiknað væri af upprunalegu verði og hefur verið reiknað með, að 90% váttryggingaverðmætis afskrifist á 12 árum eða 8% á ári. Sá árafjöldi var upphafleg ákveðinn út frá meðalaldri skipa. Ekki hefur þótt ástæða til að breyta þessum endingartíma, þótt um hann ríki töluverð óvissa, þar sem erfitt er að meta raunverulegan endingartíma skipa miðað við stöðugar endurbætur. Til viðbótar við váttryggingaverðmæti skipanna er reiknuð ávöxtun á 20% af váttryggingaverðmæti sem rekstrarfjárförf vegna veiðarfæra og þess háttar.

Í árgreiðsluaðferðinni er m.v. 6% ávöxtunarkröfu fjármagns og hún hefur verið óbreytt í gegnum tíðina þrátt fyrir mismunandi vaxtastig í landinu enda um langtíma áætlun að ræða.

Úrvinnsla Hagstofu Íslands á þessum gögnum er með sama hætti og tíðkast hefur um langt árabil og er að mestu leyti reist á uppgjörsaðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga. Geta því niðurstöðurnar að einhverju leyti vikið frá niðurstöðu úr rekstrarframtölum fyrirtækja. Vegna mismunandi forsendna við útreikning árgreiðslu í fiskveiðum og fiskvinnslu eru niðurstöður samkvæmt árgreiðsluaðferð ekki að fullu samanburðarhæfar á milli greina og geta því gefið aðra mynd af afkomu en hefðbundin uppgjör. Aðferðin getur haft áhrif á hlutfallslega skiptingu hagnaðar og leitt til þess að afkoma í fiskveiðum sé vanmetin en í fiskvinnslu ofmetin miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð. Því ber að túlka slíkan samanburð með fyrirvara.

Niðurstöður eru að einhverju leyti öðruvísi en áður þar sem Hagstofan er nú með betri upplýsingar úr skýrslum um útflutningsframleiðslu og sölu á sjávarafurðum skv. tollnúmerum, þar sem fram kemur hvaða fyrirtæki eru að flytja út fisk. Þá kom í ljós að undanfarin ár hafa nokkur fyrirtæki verið tekin með í útflutningsframleiðslu sjávarútvegs sem ekki áttu þar heima og tekjur fiskvinnslunnar því ofmetnar. Þetta hefur ekki áhrif á hagnaðarprósenta, einungis heildartekjur þar sem hagnaðarprósenta miðast við niðurstöður í úrtakskönnunum.

Hagstofan byggir niðurstöður sínar á úrtaki en ekki heild og því gæti þessi nálgun orðið til þess að hagnaður í krónum talið reiknist of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu. Þetta er þó ekki einhlítt þar sem fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu eru oft smærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem ganga illa og skila ekki inn ársreikningi. Heildaráhrifin á niðurstöður eru líklega ekki mikil enda nær úrtakið til fyrirtækja sem eru með um 85% af veltu greinarinnar.

Eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hefur verið leiðrétt fyrir tvífærslum í samræmi við upplýsingar sem aflað var frá endurskoðendum. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt yfirlit um rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun en rækjuvinnsla telst til frystingar en hersla og síldarsöltun með botnfisksöltun.

Í heftinu er birt yfirlit um rekstur ársins 2024 sem er fært upp til heildar ásamt yfirliti um efnahag sjávarútvegsins í heild árin 2018-2024. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 438 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar árið 2024 auk dreifingar eiginfjárhlutfalls í sjávarútvegi 2023–2024.

Þá er birt yfirlit um strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðiárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí–ágúst fiskveiðiárið 2024 voru veidd 12.500 tonn af óslægðum botnfiski á strandveiðum. Rekstraryfirlitið sýnir 688 báta sem stunda strandveiðar en margir þeirra stunda strandveiðar með öðrum veiðum árið 2024 sem fyrr. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta undir 10 brúttótonnum (bt).

Birt er rekstraryfirlit báta >10-30 b.t. í töflu 12 og er rekstraryfirlitið dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta >10-200 b.t. Bátar >10-30 b.t. eru 180 en bátar >30-200 b.t. eru 41. Tafla 11 er ekki birt að þessu sinni þar sem ekki lágu fyrir nægar upplýsingar um uppsjávarfrystiskip sem frystu meira en 50% af uppsjávarafla.

Hagstofan fær upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja sem fylgja skattframtölum rekstraraðila en þær nægja ekki einar til þegar aðgreina þarf rekstur veiða og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegri upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niðurstöður sem hér birtast eru því að meginhluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni.

Hagnaður í sjávarútvegi dregst saman á milli ára

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins minnkaði á milli áranna 2023 og 2024. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 36,5% í 29,7%. Í fiskveiðum lækkaði hlutfallið úr 24,9% árið 2023 í 18,5% árið 2024 og í fiskvinnslu hækkaði hlutfallið úr 18,3% í 19,2%. Í fjárhæðum fór hlutdeildin (EBITDA) í sjávarútvegi alls úr tæpum 111 milljörðum króna árið 2023 í tæplega 86 milljarða króna árið 2024.

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og vinnslu, reiknaður í hlutfalli af tekjum samkvæmt árgreiðsluáðferð, jókst úr 19,2% af tekjum árið 2023 í 22,1% árið 2024. Hreinn hagnaður botnfiskveiða minnkaði úr 11,5% af tekjum í 11,4% en hagnaður botnfiskvinnslu jókst úr 13,9% af tekjum í 17,5%. Hreinn hagnaður uppsjávarveiða og -bræðslu fór úr 41,8% í 10,6%. Í heild var hreinn hagnaður sjávarútvegsins 16% af tekjum, að fráðregnum milliviðskiptum með hráefni árið 2024, en var 25% árið 2023. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn tæpum 46 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð tæpum 40 milljörðum króna. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu svo og sjávarútvegsins í heild að fráðregnum viðskiptum með hráefni á milli veiða og vinnslu.

Útflutningsverðmæti sjávarútvegs nam tæpum 290 milljörðum króna á árinu 2024. Verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi hækkaði um 0,3% og magn útfluttra sjávarafurða dróst saman um 10% þannig að verðmæti dróst saman um 9,7%. Aflaverðmæti fiskveiða minnkaði um 13% á meðan aflamagn dróst saman um 28% en þar eru það uppsjávarveiðarnar sem drógust mest saman eða um 50% í verðmætum. Hlutfall olíu af tekjum í veiðum hækkaði úr 10,1% af tekjum í 11,1% af tekjum. Gengi USD og gengi EUR stóð svo til í stað á milli áranna 2023 og 2024. Veiðigjald útgerðarinnar var mjög svipað á milli 2023 og 2024 eða um 11 milljarðar króna. Í reikningum fyrirtækjanna er veiðigjaldið talið með öðrum rekstrarkostnaði.

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu á árinu 2024. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 27,2% en EBITDA uppsjávarveiðiskipa tæp 10%. Ferskfiskvinnsla var með verga hlutdeild fjármagns 16,4% og hreinn hagnaður 9,9%.

Afkoma smábáta batnaði frá árinu 2023. Alls voru 774 smábátar að veiðum og öfluðu tæplega 21 þúsund tonna að verðmæti 6,9 milljarða króna. Af þessum 774 smábátum voru 688 bátar, flestir minni en 10 b.t., við strandveiðar á árinu 2024. Afli þeirra var 12.500 tonn og aflaverðmætið rúmlega 5,0 milljarðar króna. EBITDA smábáta í heild var 19,7% og þar af strandveiðanna 21,2%. EBITDA báta undir 10 tonnum á almennum veiðum var 15,6%. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstraryfirliti báta undir 10 b.t..

Rúmum 600 milljónum munaði á sjávarútveginum í heild árið 2024, þegar milliviðskipti hafa verið felld út, eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluaðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn hagnaður var 16% skv. árgreiðsluaðferðinni en var 16,2% skv. hefðbundnu aðferðinni. Munurinn stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gætir ekki þegar árgreiðsluaðferðin er notuð og er hún því hentugri ef litið er á afkomuna yfir lengra tímabil. Þá er gjaldfærsla fólgin í árgreiðsluaðferðinni sem nemur 6% af stofnverði rekstrarfjármuna, hvort sem þeir fjármunir eru fjármagnaðir með lánsfé eða eigin fé. Í hefðbundnu uppgjöri er vaxtakostnaður gjaldfærður eins og hann varð af lánsfé en engir vextir eru reiknaðir af eigin fé. Taka skal fram að óreglulegar tekjur og gjöld hafa í gegnum tíðina ekki verið tekin með inn í hagnað eða tap fyrirtækjanna fyrir tekjuskatt enda þótt það ætti skv. skattalegum reglum að gera það. Þar sem ársreikningar í úrtaki eru uppfærðir til heildar getur uppfærslan orðið misvísandi. Árgreiðslan fellur mun þyngra á útgerðina en vinnsluna þar sem bundið fjármagn er mun meira þar.

Hjá strandveiðibátum og einnig smábátum sýnir árgreiðsluaðferðin mun lakari afkomu en sú hefðbundna því fjöldi strandveiðibáta sem veiðir takmarkaðan afla er mjög mikill og því verður árgreiðslan, sem er reiknuð út frá váttryggingarverðmæti bátanna, hlutfallslega mjög há.

Úr floknum bátar >10-200 b.t. var tekið úrtak báta >10-30 b.t. Alls 180 bátar reyndust vera >10-30 b.t. og 41 bátur >30-200 b.t. Í floknum alls var EBITDA 16,8% eða tæplega 5,1 milljarður króna. Bátar >10-30 b.t. voru með 18,5% EBITDA eða tæpa 3,3 milljarða króna og bátar yfir 30 tonnum voru með 14,4% EBITDA eða tæpa 2 milljarða króna.

Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu árið 2024 og er hún innifalin í frýstingu vinnslunnar.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2024 um 1.093 milljarðar króna, heildarskuldir rúmum 560 milljarðar króna og eigið fé rúmum 533 milljarðar króna. Hagstofan fékk upplýsingar frá endurskoðendum um tilfærslur á milli fastafjármuna og eiginfjár vegna mats á hlutdeild í eigin fé annarra sjávarútvegsfyrirtækja en þær námu 161 milljarði og eru taldar með í niðurstöðunum. Verðmæti heildareigna jókst um 3,2% frá 2023 og breytingar í varanlegum eignum jukust um 10,4%. Skuldir jukust um 1%. Eigið fé var 533 milljarðar króna 2024 en var 505 milljarðar árið 2023 og jókst um 5,5%. Eiginfjárlutfallið reyndist 48,8% í árslok 2024 en var 47,7% í árslok 2023. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2023 og 2024.

English summary

Statistics Iceland has compiled and analysed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2024 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of the industry.

The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic and fresh fish processing.

The net profit of fishing and fish processing total decreased between 2023 and 2024 or from 25 % to 16% (corrected for the effect of changes in the exchange rate according to the annuity approach and 6% rate of return). Net profit of fishing and fish processing of demersal species increased from the year before, or from 19,2% of revenue to 22,1%. Net profit of fishing of demersal species decreased from 11,5% to 11,4% and net profit of processing of demersal species increased from 13,9% to 17,5%. There was also an decrease in net profit in fishing and processing of fishmeal and fishoil from 41,8% to 10,6%.

Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are ISK 1.093 billion, liabilities are worth of 560 billion ISK and equity 533 billion ISK.

Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluáðferð og 6% ávöxtun

Table 1. Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return

Hlutfall af tekjum	Percent of revenue	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
1. Sjávarútvegur í heild ^{1,2}	<i>Fishing and fish processing, total^{1,2}</i>	12,2	19,0	20,0	22,0	26,1	25,0	16,0
1.1 Veiðar og vinnsla botnfisks ²	<i>Fishing and fish processing of demersal species²</i>	13,9	17,6	18,4	22,5	23,1	19,2	22,1
1.1.1 Botnfiskveiðar	<i>Fishing of demersal species</i>	6,4	11,9	13,9	14,0	15,7	11,5	11,4
Bátar	<i>Boats</i>	2,5	13,7	12,9	7,8	10,4	10,3	6,3
Togarar	<i>Trawlers</i>	2,3	9,1	12,2	11,5	11,1	11,0	7,2
Frystiskip	<i>Freezing vessels</i>	14,7	15,5	19,0	23,0	20,5	10,1	10,2
1.1.2 Botnfiskvinnsla	<i>Processing of demersal species</i>	12,6	13,5	12,6	17,9	15,0	13,9	17,5
Frysting	<i>Freezing</i>	13,7	15,8	13,9	20,0	16,4	15,1	20,6
Sóltun	<i>Salting</i>	10,1	8,2	9,8	11,4	11,2	10,1	8,5
1.2 Veiðar og vinnsla rækju ²	<i>Fishing and processing of shrimp²</i>	-	-	-	-	-	-	-
1.3 Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla ²	<i>Fishing and processing of pelagic fish²</i>	7,6	14,0	19,2	28,1	42,5	41,8	10,6

¹ Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarveiðiskip eru innifalin í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. *Included here are fishing and processing of demersal species, shrimp, and pelagic fish. Pelagic freezers are included in freezing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.*

² Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni. *The income exclude transactions of raw material between enterprises.*

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2024
Table 2. Operating accounts of fishing 2024

Milljónir króna		Bátar	Bátar				
Million ISK		undir 10 b.t.	10–200 b.t.	Bátar	Uppsjávar-	Ísfisk-	Frysti-
		Boats	Boats	>200 b.t.	veiðiskip	togarar	Togarar
	Alls	less than	10–200	Boats over	Pelagic	Fresh fish	Freezer
	Total	10 GT	GT	200 GT	vessels	trawlers	Trawlers
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	177.335	7.212	30.116	24.377	29.406	42.611	43.614
1.1 Seldur afli <i>Catches</i>	46.992	–	–	986	109	4.426	41.471
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	124.237	6.918	29.366	22.642	29.006	35.117	1.187
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	6.107	294	749	749	291	3.069	955
2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i>	144.515	5.794	25.052	20.240	26.577	32.752	34.100
2.1 Aflahlutir <i>Fishermen’s shares</i>	46.367	1.356	6.989	5.677	8.647	10.418	13.280
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	4.006	–	2.377	846	–	495	288
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	11.939	110	1.647	1.149	2.764	2.950	3.318
2.4 Olíur <i>Oil</i>	19.708	406	2.108	2.426	5.841	4.241	4.685
2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	5.381	42	424	575	1.947	1.225	1.169
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	10.753	534	1.397	1.572	2.614	2.458	2.178
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	990	–	–	–	–	–	990
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	1.576	327	305	142	31	281	489
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	863	–	112	61	185	319	185
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	2.790	221	909	351	793	295	220
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.813	182	280	226	273	446	405
2.12 Sölu­kostnaður <i>Sales cost</i>	2.122	–	248	237	29	1.435	173
2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>	3.105	119	499	231	391	1.301	564
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	33.104	2.497	7.756	6.746	3.061	6.887	6.157
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)							
<i>Share of capital, gross</i>	32.820	1.418	5.064	4.137	2.829	9.859	9.513
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	18,5	19,7	16,8	17,0	9,6	23,1	21,8
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>	10.575	749	591	1.057	3.843	2.479	1.857
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	6.926	266	1.787	1.221	1.500	1.368	785
6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit (6.=3.-4.-5.)</i>	15.319	403	2.686	1.858	-2.514	6.013	6.872
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	8,6	5,6	8,9	7,6	-8,5	14,1	15,8
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	27.755	1.362	1.680	3.563	9.333	6.731	5.086
8. Hreinn hagnaður <i>Profit (8.=3.-7.)</i>	5.064	56	3.383	574	-6.504	3.128	4.427
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	2,9	0,8	11,2	2,4	-22,1	7,3	10,2

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2024 (frh.)
Table 2. Operating accounts of fishing 2024 (cont.)

Milljónir króna		Bátar	Bátar				
Million ISK		undir 10 b.t.	10–200 b.t.	Bátar	Uppsjávar-	Ísfisk-	Frysti-
		Boats	Boats	>200 b.t.	veiðiskip	togarar	togarar
	Alls	less than	10–200	Boats over	Pelagic	Fresh fish	Freezer
	Total	10 GT	GT	200 GT	vessels	trawlers	trawlers
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>							
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	1.096	774	221	34	24	27	16
Brúttótonn (b.t. – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	890	6	30	526	2.786	1.142	1.845
Skráð lengd (metrar – meðaltal)							
<i>Fleet – average length</i>	22	8	13	32	68	49	58
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	1.319	140	283	701	5.064	1.635	3.000
Meðalsmiðaaár <i>Fleet – building year</i>	1998	1992	1997	1993	2006	2006	1997
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna							
<i>Insurance value, million ISK</i>	232.554	11.408	14.080	29.853	78.198	56.400	42.616
Afli (þúsund tonn) <i>Volume (thousand tonnes)</i>	993,7	20,7	88,5	81,5	547,8	148,7	106,6
Þorskur <i>Cod</i>	221,9	14,2	52,2	44,9	0,0	80,4	30,2
Ýsa <i>Haddock</i>	83,7	0,4	18,8	16,6	0,0	26,7	21,2
Ufsi <i>Saithe</i>	38,4	1,1	1,2	5,7	0,1	16,6	13,7
Karfi <i>Redfish</i>	41,1	0,1	0,4	4,0	0,2	15,9	20,4
Humar <i>Lobster</i>	0,0	–	–	0,0	–	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	1,7	–	0,2	0,1	–	1,4	–
Síld <i>Herring</i>	71,9	–	0,0	0,0	71,9	0,0	0,0
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	62,9	–	–	–	62,9	–	–
Loðna <i>Capelin</i>	–	–	–	–	–	–	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	324,2	2,8	–	–	321,4	0,0	0,0
Makrill	89,5	–	–	–	89,5	–	–
Annað <i>Other</i>	58,5	2,1	15,7	10,1	1,8	7,7	21,0
Verðmæti (milljónir kr.) <i>Value (million ISK)</i>	171.228	6.918	29.366	23.628	29.115	39.543	42.658
Þorskur <i>Cod</i>	82.589	5.982	20.774	15.922	1	24.722	15.187
Ýsa <i>Haddock</i>	20.935	109	4.800	3.306	0	5.250	7.471
Ufsi <i>Saithe</i>	9.155	187	232	1.075	3	3.050	4.608
Karfi <i>Redfish</i>	10.386	28	133	921	7	3.987	5.309
Humar <i>Lobster</i>	–	–	–	–	–	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	609	–	36	34	–	539	–
Síld <i>Herring</i>	4.944	–	–	–	4.944	–	–
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	4.794	–	–	–	4.794	–	–
Loðna <i>Capelin</i>	–	–	–	–	–	–	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	12.048	137	–	–	11.910	–	–
Makrill <i>Mackerel</i>	7.387	–	–	–	7.387	–	–
Annað <i>Other</i>	18.382	475	3.392	2.370	69	1.994	10.082

Skýringar Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað upp þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeildar sem eru með í úrtakinu eru 100% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 100% af tekjum báta 10–200 brúttótonnu, 90% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 77% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 63% af tekjum ísfisktogara og 69% af tekjum frystitogara sem gerir um 80% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafli. *These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 100%; boats 10–200 GRT 100%; boats over 200 GRT 90%; pelagic vessels 77%; fresh fish trawlers 63% and freezer trawlers 69% or 80% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.*

Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2024
Table 3. Operating accounts of fish processing 2024

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Frysting og rækjuvinnsla <i>Freezing and shrimp prod.</i>	Söltun og hersla <i>Salting and drying</i>	Mjöl- vinnsla <i>Fish meal and fishoil</i>	Ferskfisk vinnsla <i>Fresh fish processing</i>	
	Samtals <i>Total</i>				
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	275.666	112.215	38.655	49.220	75.576
1.1 Útflutningstekjur <i>Export production</i>	242.340	97.966	36.914	45.892	61.568
1.2. Innanlandssala afurða <i>Domestic sale of products</i>	26.352	12.399	1.120	428	12.406
1.3. Seldur afli - Selt hráefni <i>Domestic sale of fresh fish</i>	2.416	128	138	741	1.409
1.4. Aðrar tekjur <i>Other income</i>	4.558	1.722	483	2.159	194
2. Aðföng alls <i>Operating expenses</i>	179.401	68.942	27.307	31.530	51.622
2.1. Hráefni <i>Raw fish</i>	143.835	55.108	21.761	22.162	44.803
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	3.765	1.484	639	1.099	543
2.3 Olíur <i>Oil</i>	2.707	75	10	2.578	44
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	552	266	85	123	78
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	7.286	3.580	1.354	604	1.747
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	6.007	2.273	999	1.279	1.457
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	8.448	3.115	795	2.482	2.056
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>	6.801	3.040	1.664	1.203	894
3. Vinnsluvirði <i>Value added (3=1.-2.)</i>	96.265	43.272	11.348	17.691	23.954
4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	40.049	19.521	6.273	3.099	11.155
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	3.230	1.223	441	1.197	369
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) <i>Share of capital, gross</i>	52.987	22.528	4.634	13.394	12.430
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	19,2	20,1	12,0	27,2	16,4
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	8.432	3.789	1.061	1.205	2.377
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8.=6.-7.)</i>	44.555	18.740	3.573	12.189	10.053
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	13.108	5.197	2.533	2.824	2.555
10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i>	31.446	13.543	1.040	9.365	7.498
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	11,4	12,1	2,7	19,0	9,9
11. Árgreiðsla 6% <i>Imputed cost of capital 6%</i>	11.889	5.431	1.493	1.677	3.289
12. Hreinn hagnaður <i>Net profit (12.=6.-11.)</i>	41.098	17.098	3.142	11.718	9.141
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	14,9	15,2	8,1	23,8	12,1

Skýringar Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað upp þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af 80% af útflutningi landfrysts botnfisks, 70% af útflutningi botnfisksöltunar, 100% af útflutningi mjölvinnslu og 65% af útflutningi ferskra afurða. sem gerir um 87% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, sildarsöltun og er rekstur þeirra talin með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu. *These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 80%; Salted fish 70%; fish meal and oil 100%; fresh fish export 65%. or 87% of the total. A separate operating account is not constructed for stock fish production scallop freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in freezing production.*

Tafla 4. Efnahagsyfirlit sjávarútvegs 2018–2024

Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 2018-2024

Milljónir króna / Million ISK	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
1. Veltufjármunir / Current assets	118.041	115.821	118.128	146.672	176.196	170.752	159.764
1.1 Sjóður og bankainnistæður <i>Cash and bank time deposits</i>	30.315	39.851	40.637	62.029	75.056	53.675	60.960
1.2 Viðskiptakröfur <i>Business claims</i>	47.174	42.622	40.751	46.822	46.827	41.682	46.376
1.3 Birgðir / Stocks	31.571	28.839	30.924	31.040	47.200	64.333	43.106
1.4 Aðrir veltufjármunir <i>Other current assets</i>	8.981	4.509	5.815	6.780	7.114	11.061	9.322
2. Fastafjármunir / Fixed assets	608.997	658.203	720.365	739.959	886.207	888.577	933.186
2.1 Áhættufjármunir og langtímaskuldir <i>Investments and long term claims</i>	107.312	111.876	132.878	132.913	204.481	164.548	160.736
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir <i>Property, plant and equipments</i>	179.505	199.357	213.194	218.916	247.245	246.411	272.027
2.3 Aðrar eignir / Other assets	322.180	346.970	374.292	388.130	434.481	477.618	500.423
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé Total assets = Total liabilities and equity	727.038	774.024	838.493	886.631	1.062.404	1.059.329	1.092.949
4. Skuldir / Debts	433.315	442.889	485.783	499.035	542.106	554.152	559.937
4.1 Skammtímaskuldir / Current liabilities	110.297	100.873	118.496	113.244	159.037	131.103	119.694
4.2 Langtímaskuldir / Long term liabilities	323.018	342.016	367.287	385.791	383.069	423.049	440.242
5. Eigið fé / Equity	293.722	331.135	352.710	387.596	520.298	505.177	533.013
6. Veltufjárhlutfall / Current ratio	1,07	1,15	1,00	1,30	1,11	1,30	1,33
7. Eiginfjárhlutfall / Equity ratio	40,4	42,8	42,1	43,7	49,0	47,7	48,8

Skýringar / Notes: Upplýsingar um efnahagsyfirlit eru notaðar frá RSK. Tilfærslur upp á 165 milljarða verða á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárhlutdeildar í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum árið 2024. Mostly unadjusted balance sheet from RSK. This register is a standardised register of annual accounts and submitted to tax authorities. Nearly 165 billion krona is transferred from investments and long term claims to equity because of equity shares in other companys.

Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu 2024

Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2024

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
Alls Total	49	100,0	2.027
< 0%	12	11,0	912
0 - 5%	9	9,8	1.081
5 - 10%	6	8,1	1.346
10 - 15%	4	6,9	1.717
15 - 20%	2	0,2	103
20 - 25%	5	23,6	4.684
> 25%	11	40,3	3.642

Skýringar Notes: Deildir sem frystu botnfisk 2024. *Establishments freezing demersal species in 2024.*

Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun 2024

Table 6. Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2024

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
Alls Total	20	100,0	1.587
< -5%	2	3,7	593
-5 - 0%	2	2,6	410
0 - 5%	1	8,7	2.755
5 - 10%	1	4,2	1.318
10 - 15%	11	63,7	1.839
15 - 20%	0	–	–
20 - 25%	1	12,9	4.106
> 25%	2	4,2	662

Skýringar Notes: Deildir sem söltuðu botnfisk 2024. *Establishments salting demersal species in 2024.*

Tafla 7. Dreifing afkomu 438 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2024

Table 7. Profit distribution in fishing and fish processing of 483 enterprises in the sample 2024

Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum <i>Net profit as a percentage of revenue</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki <i>Share of sample in turnover (%)</i>	Meðalvelta, millj. kr. <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>	Hlutfall tekna af útgerð <i>Share of fishing in total revenue, %</i>	Hlutfall tekna af útgerð frystitogara <i>Share of freezer trawlers in total rev., %</i>	Verg hlutdeild sem hlutfall af tekjum <i>Gross share of capital as a perc. of Revenue %</i>	Eiginfjár- hlutfall <i>Equity ratio %</i>
Alls Total	438	100,0	822	38,7	8,3	24,1	53,1
< -10	25	1,3	182	16,7	–	-20,6	-9,4
-10– -5	13	1,2	339	3,8	–	-5,8	48,0
-5–0	27	2,0	270	43,0	–	1,5	24,9
0–5	39	4,3	396	42,3	–	4,4	57,8
5–10	43	6,9	581	24,3	–	9,4	39,8
10–15	45	14,1	1.126	41,8	10,7	15,6	53,2
15–20	47	12,9	989	41,6	–	19,5	37,4
20–25	46	30,8	2.412	41,7	15,1	29,3	52,6
>25	153	26,4	622	37,5	8,1	37,2	63,4

Skýringar Notes: Með hreinum hagnaði er átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfseminni hvort sem um er að ræða botnfiskveiðar og -vinnslu, uppsjóvarveiðar og -vinnslu, rækjuvinnslu eða einhverja aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs. Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.

Tafla 8. Dreifing eiginfjárlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2023–2024

Table 8. Distribution of equity ratio in all enterprises in the sample 2023–2024

Eiginfjárlutfall <i>Equity ratio</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Eiginfjár- lutfall (%) <i>Equity ratio (%)</i>	Hlutdeild í eignum (%) <i>Share of total assets (%)</i>	Hlutdeild í tekjum (%) <i>Share of operating revenue (%)</i>
2024				
Alls Total	438	53,1	100,0	100,0
< -100	20	-446,0	0,0	0,9
-75– -100	8	-87,5	0,0	0,0
-50– -75	11	-62,0	0,0	0,0
-25– -50	18	-37,9	0,1	0,3
0– -25	121	10,5	5,4	7,1
0–25	66	35,4	31,1	32,0
25–50	95	63,3	55,8	51,0
50–75	86	85,6	7,5	8,6
>75	13	100,0	0,0	0,0
<0	178	5,4	5,5	8,3
0>	260	55,9	94,5	91,7
2023				
Alls Total	682	52,9	100,0	100,0
< -100	53	-218,0	0,0	0,1
-75– -100	13	-86,3	0,0	0,0
-50– -75	21	-59,6	0,0	0,1
-25– -50	33	-40,6	0,1	0,1
0– -25	183	8,3	6,1	8,4
0–25	107	35,2	29,3	35,5
25–50	110	63,1	57,5	49,5
50–75	123	85,5	6,9	6,1
>75	39	100,0	0,0	0,1
<0	303	6,4	6,3	8,8
0>	379	56,0	93,7	91,2

Skýringar Notes: Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkurra einstaklingsfyrirækja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárlutfalls. *Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded.*

Tafla 9. Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2024

Table 9. Operating accounts of fishing and fish processing 2024

Milljónir króna Million ISK	Fiskveiðar Fishing	Fiskvinnsla Fish processing	Sjávarútvegur ¹ Fishing industry ¹
1. Tekjur alls Operating revenues	177.335	275.666	289.332
1.1 Útflutningstekjur Export products	46.992	242.340	289.332
1.2 Seldur afli – Selt hráefni Domestic sale of fresh fish	124.237	28.768	–
1.3 Aðrar tekjur Other income	6.107	4.558	0
2. Aðföng alls Operating expenses	81.341	182.631	100.302
2.1. Hráefni Raw material	–	143.835	-19.835
2.2 Rafmagn Electricity	–	6.472	6.472
2.3 Olíur Oil	19.708	–	19.708
2.4 Tryggingar Insurance	1.813	552	2.365
2.5 Umbúðir Packaging	990	7.286	8.276
2.6 Flutningskostnaður Transportation costs	1.576	6.007	7.583
2.7 Viðhald Maintenance and repair	10.753	8.448	19.200
2.8 Veiðarfæri Fishing gear	5.381	0	5.381
2.8 Önnur aðföng Other intermediate consumption	41.121	10.031	51.152
3. Vinnsluvirði Value added (3=1.-2.)	95.994	93.035	189.030
4. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	63.175	40.049	103.223
5. Skattar á framleiðslu Taxes on production	–	–	–
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)			
Share of capital, gross	32.820	52.987	85.806
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	18,5	19,2	29,7
7. Afskriftir Depreciation	10.575	8.432	19.007
8. Rekstrarafgangur Operating surplus (8.=6.-7.)	22.245	44.555	66.799
9. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	6.926	13.108	20.035
10. Hreinn hagnaður (EBT) Net profit (10.=8.-9.)	15.319	31.446	46.765
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	8,6	11,4	16,2
11. Árgreiðsla 6% Imputed cost of capital 6%	27.755	11.889	39.644
12. Hreinn hagnaður Profit (12.=6.-11.)	5.064	41.098	45.162
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	2,9	14,9	16,0

¹ Hér hafa verið felld út viðskipti með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Seldur afli og aðrar tekjur koma á móti hráefninu. Raw material netted out against domestic sale of fresh fish and other income.

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2024

Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2024

Milljónir króna Million ISK	Samtals ¹ Total	Þar af: ² Strandveiði- siglingar Costal fishing	Bátar undir 10 b.t. Boats less than 10 GT
1. Tekjur alls Operating revenues	7.212	5.275	1.937
1.1 Seldur afli Catches	–	–	–
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	6.918	5.045,4	1.873
1.3 Aðrar tekjur Other income	294	229,8	64
2. Gjöld alls Operating expenses	5.794	4.158	1.636
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	1.356	654,9	701
2.2 Önnur laun Other wages	–	0,0	–
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	110	70,9	39
2.4 Olíur Oil	406	356,2	49
2.5 Veiðarfæri Fishing gear	42	38,0	4
2.6 Viðhald Maintenance and repair	534	431,3	103
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	–	0,0	–
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	327	251,7	75
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	–	0,0	–
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	221	180,1	40
2.11 Tryggingar Insurance	182	159,3	23
2.12 Sölu kostnaður Sales cost	–	–	–
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	119	70,0	49,4
2.14 Önnur gjöld Other expenses	2.497	1.946,0	551
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)			
Share of capital, gross	1.418	1.117	301
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	19,7	21,2	15,6
4. Afskriftir Depreciation	749	619	130
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	266	245	21
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)	403	253	151
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	5,6	4,8	7,8
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	1.362	1.213	149
8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)	56	-96	152
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	0,8	-1,8	7,9

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2024 (frh.)

Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2024 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals ¹ <i>Total</i>	Þar af: ² Strandveiði- siglingar <i>Costal fishing</i>	Bátar undir 10 b.t. <i>Boats less than 10 GT</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>			
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	774	688	86
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	6	6	6
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	8	8	8
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	140	137	138
Meðalsmíðaár <i>Fleet – building year</i>	1992	1998	1995
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	11.408	10.161	1.246
Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	14,2	11,7	2,5
Ýsa <i>Haddock</i>	0,4	0,0	0,4
Ufsi <i>Saithe</i>	1,1	0,7	0,4
Karfi <i>Redfish</i>	0,1	0,0	0,0
Annað <i>Other</i>	4,9	0,0	4,9
Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	5.982	4.922	1.060
Ýsa <i>Haddock</i>	109	6	102
Ufsi <i>Saithe</i>	187	103	84
Karfi <i>Redfish</i>	28	12	16
Annað <i>Other</i>	612	1	611

Skýringar Notes: Hér eru talðar veiðar allra smábáta undir 10 tonnum og þar með strandveiðar. Rekstraryfirlit 688 strandveiðibáta. *Included here are all fishing of small boats undir 10 GT, costal fishing included. The operating accounts of 688 costal boats.*

Tafla 12. Rekstraryfirlit báta>10-30 b.t. og báta>30-200 b.t. 2024

Table 12. Operating accounts of boats>10-30 GT and boats>30-200 GT 2024

Milljónir króna Million ISK	Samtals ¹⁾ Bátar >10-200 b.t. Total ¹⁾ Boats >10-200 GT	Bátar >10-30 b.t. Boats >10-30 GT	Bátar >30-200 b.t. Boats >30-200 GT
1. Tekjur alls Operating revenues	30.116	17.580	12.536
1.1 Seldur afli Catches	–	–	–
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	29.366	17.215	12.151
1.3 Aðrar tekjur Other income	749	365	384
2. Gjöld alls Operating expenses	25.052	14.321	10.731
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	6.989	6.254	735
2.2 Önnur laun Other wages	2.377	–	2.377
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	1.647	1.094	554
2.4 Olíur Oil	2.108	645	1.463
2.5 Veiðarfæri Fishing gear	424	300	124
2.6 Viðhald Maintenance and repair	1.397	984	413
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	–	–	–
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	305	209	96
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	112	104	9
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	909	800	109
2.11 Tryggingar Insurance	280	104	176
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	248	65	183
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	499	353	146
2.14 Önnur gjöld Other expenses	7.756	3.410	4.346
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)			
Share of capital, gross	5.064	3.259	1.805
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	16,8	18,5	14,4
4. Afskriftir Depreciation	591	417	174
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	1.787	1.478	309
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)	2.686	1.364	1.322
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	8,9	7,8	10,5
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	1.680	568	1.113
8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)	3.383	2.691	692
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	11,2	15,3	5,5

Tafla 12. Rekstraryfirlit báta>10-30 b.t. og báta>30-200 b.t. 2024 (frh)

Table 12. Operating accounts of boats>10-30 GT and boats>30-200 GT 2024 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals Bátar >10-200 b.t. <i>Total Boats >10-200 GT</i>	Bátar >10-30 b.t. <i>Boats >10-30 GT</i>	Bátar >30-200 b.t. <i>Boats >30-200 GT</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>			
Fjöldi <i>Fleet - number of vessels</i>	221	180	41
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	30	17	23
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	13	12	14
44Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	283	264	301
Meðalsmíðaaár <i>Fleet – Building year</i>	1997	1999	1998
Vátryggingaverðmæti (milljónir króna) <i>Insurance value (million ISK)</i>	14.080	4.748	9.331
Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	88,5	65,0	23,6
Ýsa <i>Haddock</i>	52,2	45,9	6,3
Ufsi <i>Saithe</i>	18,8	9,1	9,6
Karfi <i>Redfish</i>	1,2	0,0	1,2
Humar <i>Lobster</i>	0,4	0,4	-0,0
Rækja <i>Shrimp</i>	–	–	–
Síld <i>Herring</i>	0,2	–	0,2
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	0,0	–	0,0
Loðna <i>Capelin</i>	–	–	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	–	–	–
Makrill <i>Mackerel</i>	–	–	–
Annað <i>Other</i>	15,7	9,5	6,3
Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	29.366	17.215	12.151
Ýsa <i>Haddock</i>	20.774	12.925	7.849
Ufsi <i>Saithe</i>	4.800	2.701	2.099
Karfi <i>Redfish</i>	232	130	101
Humar <i>Lobster</i>	133	141	-7
Rækja <i>Shrimp</i>	–	–	0
Síld <i>Herring</i>	36	–	36
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	0,0	-	0,0
Loðna <i>Capelin</i>	-	-	-
Kolmunni <i>Blue withing</i>	-	-	-
Makrill <i>Mackerel</i>	-	-	-
Annað <i>Other</i>	3.392	1.318	2.074

Skýringar Notes: Hér eru talðar veiðar allra báta >10 -30 b.t. og báta >30-200 b.t. *Included here are all fishing of small boats >10 -30 GT and boats >30-200 GT.*

Hagtíðindi Sjávarútvegur

Statistical Series *Fisheries*

111 árg. ♦ 1. tbl. 31. mars 2026

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Gyða Þórðardóttir ♦ gyda.thordardottir@hagstofa.is

Atli Páll Helgason ♦ atli.p.helgason@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1100

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.